

Fundir í aðalstjórn starfsárið 2024-2025

11 fundir voru haldnir í stjórn félagsins á starfsárinu þar sem fjölmörg mál voru tekin fyrir. Hér á eftir má sjá smá yfirlit yfir það helsta sem tekið var fyrir á fundunum.

Vert er að benda á að stjórnarmenn fá afhent á hverjum fundi uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins og því veit stjórnin ávallt hvernig staðan er miðað við fjárhagsáætlun ársins.

Á fyrsta fundi stjórnar, sem haldinn var 14. maí á Akureyri og rafrænt á Teams fór fram kosning vararitara stjórnar. Fjallað var um hvernig aðalfundur félagsins hefði tekist. Farið var yfir úttekt á upplýsingamálum félagsins og var ákveðið að taka upp Félagakerfið Tótal og að kaupa 7% hlut í því. Lögð var fram skýrsla um endurskoðun Enor á reikningum Einingar-löju fyrir árið 2023. Farið var yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Farið var yfir ársfund Stapa sem fram fór í byrjun maí. Farið yfir stöðuna á umsóknum fyrir orlofskosti sumarsins. Sagt frá aðalfundi Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum sem fram fór í maí og aðalfundi Orlofsbyggðarinnar í Flókalundi sem einnig fór fram í maí. Tilkynnt var að útvíkkaður formannafundur SGS yrði haldinn í lok maí. Sagt var frá boði á aðalfund Sparisjóðs Höfðhverfinga sem verður síðar í maí. Lögð var fram og samþykkt áætlun um stjórnarfundir starfsársins og dagsetningu á aðalfundi félagsins 2025. Rætt var um nýtt lásakerfi í íbúðum félagsins og einnig þrífín á þeim.

Á rafrænum fundi á Teams þann 11. júní fór Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu – rannsóknarstofnunar vinnu- og atvinnuleysisráðs, yfir nýja skýrsla Vörðu um stöðu launafólks á Íslandi þar sem sérstaklega voru teknir út niðurstöður fyrir félagssvæði Einingar-löju

og þær settar fram í samanburði við félagsfólk í öðrum aðildarfélögum innan ASÍ. Aftur var rætt um þrífín á íbúðum félagsins í Reykjavík. Sagt var frá aðalfundum Orlofsbyggðanna í Flókalundi og í Svignaskarði. Sagt var frá því að félagið hefði farið að skoða leigureglur orlofshúsa hjá öðrum félögum í sambandi við Tótal innleiðinguna. Samþykkt var að leigu- og reglum Einingar-löju yrðu sem næst þeim reglum sem nú þegar eru forritaðar inn í Tótal kerfið. Farið var yfir stöðuna í samningamálum. Sagt var frá aðalfundi Húsfélags Alþýðuhússins sem haldinn var í maí og lögð fram fundargerð fundarins. Sagt var frá leigu á hluta skrifstofu félagsins á Dalvík. Sagt var frá eigendafundi Orlofsbyggðarinnar Illugastaða sem fram fór í lok maí. Farið var yfir stöðuna á innleiðingu nýs félagkerfis. Lagt var fram bréf frá Skipulags- og starfsháttanefnd ASÍ þar sem samþykktar voru breytingar sem gerðar voru á reglugerð sjúkrasjóðs á síðast aðalfundi félagsins. Rætt var um starfsmannamál en nýr starfsmaður hafði nýlega tekið við sem verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra og sem ráðgjafi á kjarasviði.

Á fundi 15. ágúst sem fram fór í sal félagsins á Akureyri var sagt frá því að búið væri að ganga frá nýjum kjarasamningum við ríkið, sveitarfélögin og Norðurorku. Einnig var fjallað um aðrar samningaviðræður sem voru í gangi. Sagt var frá aðalfundi Orlofsbyggðarinnar á Einarstöðum sem haldinn var í júní. Aftur var farið yfir stöðuna á innleiðingu nýs félagkerfis. Sagt var frá að komin væru boð á tvö þing í október; 46. þing ASÍ og 38. þing AN. Rætt var um starfsmannamál. Tilkynnt um dagsetningu á næsta fundi trúnaðarráðs. Tilkynnt var að ASÍ verði með jafnréttisráðstefnu fyrir konur á Akureyri í nóvember.

Á fundi 17. September sem fram fór í Mímisbrunni á Dalvík var farið yfir stöðu samningamála og stöðu varðandi ræstingamál. Sagt var frá því að hinir árlegu fræðsludagar starfsfólks innan SGS munu fara fram í september á Stykkishólmi og að fimm starfsmenn félagsins færu á þá að þessu sinni. Aftur var farið yfir stöðuna á innleiðingu nýs félagkerfis. Búið var að setja niður þjálfunar- og innleiðingarferli með starfsmönnum í október þar sem farið verður yfir hvert svið fyrir sig. Lagt fram bréf frá lögfræðingi ASÍ þar sem tilkynnt er að á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands og að fenginni umsög Laganefndar ASÍ voru breytingar á lögum félagsins sem samþykktar voru á síðasta aðalfundi staðfestar. Aftur var farið yfir 46. þing ASÍ og 38. þing AN sem verða í október og samþykktir listar yfir aðal- og varamanna sem lagðir verða fyrir trúnaðarráðs félagsins til umfjöllunar. Tilkynnt var að undirbúningur væri hafinn fyrir árlega Gallup könnun félagsins. Sagt var frá væntanlegum breytingum vegna svæðisfulltrúa félagsins í Fjallabyggð. Rætt var um starfsmannamál. Aftur var rætt um að ASÍ verði með kvennaráðstefnu fyrir konur á Akureyri í nóvember. Sagt var frá að borist hefði tilkynning frá ASÍ þar sem boðað er til þings ASÍ-UNG í nóvember á Hellu. Samþykkt var að senda þá tvo þingfulltrúa sem félagið á rétt á og hverjir

Á rafrænum fundi 21. október var aftur farið aðeins yfir stöðuna á innleiðingu nýs félagskerfið en stefnt er á að taka nýja kerfið í notkun 1. Nóvember. Sagt var frá að búið væri að halda nokkra þjálfunar- og innleiðingarfundir með starfsmönnum þar sem hvert svið fundar fyrir sig og hafa þeir gengið vel. Lagt var fram og samþykkt plan um fundi í svæðisráðum, aðalfundi deilda og aðalfund félagsins árið 2025. Farið var yfir hvernig til

tókst á 46. þingi ASÍ og 38. þingi AN. Lögð var fram fundargerð stjórnar Matvæla- og þjónustudeildar frá því í október og fór formaður deildarinnar yfir helstu mál sem þar voru rædd. Lagðar voru fram niðurstöður kannana sem gerðar voru á meðal félagsmanna sem leigðu orlofshús eðs íbúðir hjá félaginu um sumarið. Nokkur umræða varð um orlofshús og gæludýr og var að lokum ákveðið að leyfa gæludýr í húsi félagsins í Húsafelli frá næstu áramótum til prufu.

Á rafrænum fundi 18. nóvember var farið yfir stöðu samningamála. Sagt var frá hvernig gangi með nýju kerfin, Tótal og BC, sem tekin voru í notkun 1. nóvember sl. Vel hefur gengið og greinilegt að námskeiðin sem haldin voru með starfsmönnum í október skiluðu sér mjög vel. Lögð var fram fundargerð lónaðar- og tækjadeildar frá því í október og fór formaður deildarinnar yfir helstu mál sem þar voru rædd. Samþykkt var beiðni um fjárstyrk frá Velferðarsjóði Eyjafjarðarsvæðis vegna jólaaðstoðar 2024. Stjórnin samþykkti að veita styrk að upphæð kr. 1.200.000. Sýnt var hvernig nýja féлага- og orlofskerfið virkar. Sú breyting er að orlofskerfið er lifandi um 6 mánuði fram í tímann og því verður ekki lengur þörf á að opna á einhverjum ákveðnum tíma fyrir vetrarúthlutun eins og verið hefur. Tilkynnt var að félagið væri sjálft komið með orlofshús félagsins á Einarstöðum í leigu allt árið frá og með 28. Nóvember. Fjallað var um leiguverð orlofshúsa og samþykkt breyting varðandi uppbyggingu á leiguverði orlofshúsa. Sagt var frá fyrirhuguðum rafrænum fulltrúaráðsfundi Stapa lífeyrissjóði. Samþykkt var tillaga um jólagjöf til starfandi trúnaðarmanna. Fjallað var um hvernig til tókst á kvennaráðstefnu ASÍ sem fram fór á Akureyri í vikunni á undan. Rætt var um opnun á skrifstofum félagsins um jól og áramót. Fyrir

fundinn lá tölvupóstur frá formanni FVSA sem sendur var á öll aðildarfélög Alþýðusambands Norðurlands þar sem þeirri hugmynd er varpað fram hvort félögin séu tilbúin í viðræður um að sameinast í eitt öflugt deildskipt stéttarfélag á Norðurlandi. Eftir miklar og góðar umræður ákvað stjórnin að veita formanni, varaformanni og ritara félagsins umboð til að sitja fundi um áframhaldandi samtal um erindið.

Á rafrænum fundi 11. desember fór Hermann Brynjarsson frá ENOR yfir athugun sem hann gerði á sjúkrasjóði félagsins og þróun á honum. Farið var yfir stöðu samningamála. Aftur var farið yfir stöðuna varðandi ný kerfi félagsins. Tekið var fyrir erindi frá RKÍ. Sagt var frá því að búið væri að stofna nýtt stéttarfélag fyrir starfsfólk sem starfar á veitingahúsum. Það starfar á landsvísu og ber nafnið Virðing. Virðing hefur samið við SVEIT sem eru Samtök fyrirtækja á veitingamarkaði. Þegar litið er á félögin tvö, SVEIT og Virðingu, sést að veitingamenn eru beggja megin borðsins. Virðing er ekki raunverulegt stéttarfélag heldur svikamylla rekin af atvinnurekendum í þeim tilgangi að skerða laun og réttindi starfsfólks. Farið yfir hvað félagið og önnur stéttarfélög hafa verið að gera og munu gera vegna þessa máls. Eftir góðar umræður um málið samþykkti stjórnin samhljóða eftirfarandi ályktun:

Stjórn Einingar-löju tekur heilshugar undir ályktanir Alþýðusambands Íslands og formanna Starfsgreinasambands Íslands ásamt Eflingu þar sem fjallað er um félagið „Virðingu” sem stofnað var sem stéttarfélag án þess að uppfylla grundvallarskilyrði sem um slík félög gilda. Eining-löja skorar á starfsfólk í veitingageiranum að halda sig fjarri þessu félagi og taka ekki þátt í starfsemi sem miðar að því einu að skerða kjör og grafa

undan réttindum sem áunnist hafa með áratuga baráttu.

Eining-löja segir við alla heiðvirða atvinnurekendur að hafna afdráttarlaust markmiðum og aðferðarfræði veitingamanna á vettvangi SVEIT og „Virðingar” sem grafa undan réttindum launafólks til þess eins að skapa sjálfum sér betri samkeppnisaðstöðu gagnvart þeim sem löglega standa að rekstri fyrirtækja sinna.

Eining-löja kallar eftir skilyrðislausri samstöðu með launafólki í veitingageiranum og lýsir yfir stuðningi við réttindabaráttu þess og við gerð raunverulegra kjarasamninga í stað skipulegrar viðleitni til að níðast á láglaunafólki, ekki síst innflytjendum og ungmennum. Árásum af þessum toga verður mætt með þeim vopnum sem verkalýðshreyfingin býr yfir.

Kjarasamningur „Virðingar” við SVEIT felur í sér augljósan ásetning um að skerða verulega kjör og réttindi starfsfólks í veitingageiranum. Það á við um lengingu dagvinnutíma, lækkun vaktaálags, niðurfærslu orlofsréttinda, skertan veikindarétt og fleira. Að auki uppfyllir „Virðing” ekki ýmsar lögbundnar skyldur sínar gagnvart félagsmönnum m.a. er varðar rekstur sjúkrasjóðs og fræðslusjóðs.

Sagt var frá formannafundi SGS sem fram fór í Reykjavík deginum á undan en þar var mikið rætt um málefni SVEIT og Virðingar og var send út af fundinum ályktun um málið. Rætt var um starfsmannamál. Lögð var fram og samþykkt tillaga að uppstillingarnefnd Einingar-löju fyrir starfsárið 2025-2026 og skilafrest á hennar vinnu. Tilkynnt var hve margir trúnaðarmenn fengu jólagjöf frá félaginu. Sagt var frá því að nýr framkvæmdastjóri væri komin til starfa hjá starfsmennta-sjóðunum.

Á rafrænum fundi 20. janúar kynnti Tómas Bjarnason, ráðgjafi hjá Gallup, niðurstöður kjarakönnunar sem gerð var fyrir félagið. Farið var yfir stöðuna varðandi reikninga félagsins og stöðuna á áætlun fyrir árið 2025. Farið var yfir stöðu samningamála. Skipað var í uppstillinganefnd ráða og nefnda fyrir aðalfund, þar á meðal á aðalfund Stapa. Einnig var skipað í nefnd til að fara yfir reglugerð sjúkrasjóðsins. Lagðar voru fram fundargerðir allra deilda og fóru formenn eða varaformenn viðkomandi deildar yfir helstu mál sem þar voru rædd. Tilkynnt var um að færa þyrfti til svæðisráðsfundina um nokkra daga og aðalfund deilda félagsins fram um einn dag frá því sem áður var samþykkt. Lagt var til að bjóða eldri félagsmönnum í leikhús og kaffiveitingar í vetur eins og undanfarin ár. Stjórnin samþykkti tillöguna og fól starfsmönnum félagsins að útfæra þetta nánar. Farið var yfir ferðir ársins sem voru skipulagðar af ferðanefnd félagsins. Ferðanefndin ákvað að bjóða upp á utanlandsferð annað hvort ár og verður næsta utanlandsferð í boði á árinu 2026. Jafnframt var ákveðið að það ár sem ekki verður boðið upp á utanlandsferð að þá verði boðið upp á veglegri „Fjallaferð.“ Ferðir ársins verða því tvær. 24. júní verður árleg dagsferð fyrir aldraða félagsmenn og 21. og 22. ágúst verður í boði „Fjallaferð“ Einingar-löju um Austurland. Sagt var frá því að skv. bók félagsins væru nú liðin 100 ár frá fyrstu hátíðarhöldum í tilefni af 1. maí á Akureyri. 1. maí nefndin er búin að funda einu sinni í ár og var þar rætt hvort leggja ætti meira í hátíðina í ár vegna þessara tímamóta. Ef það verður gert þýðir það aukinn kostnað og var kannadur hugur stjórnar til þess. Stjórnin samþykkti tillögu vegna þessara tímamóta. Rætt var um starfsmannamál. Sagt var frá að boðað hefði verið til fundar með samstarfsaðilum um vinnustaðaeftirlit þar sem farið

verður yfir stöðuna og framtíð samstarfsins rætt. Tilkynnt var um dagsetningu á næsta fundi trúnaðarráðs félagsins.

Á fundi 24. febrúar sem fram fór í sal félagsins á Akureyri og rafrænt á Teams var enn og aftur farið yfir stöðuna varðandi reikninga félagsins og stöðuna á áætlun fyrir árið 2025. Sagt var frá því að búið væri að skrifa aftur undir nýjan kjarasamning við TDK Foil Iceland ehf. Farið var yfir hvernig til tókst með aðalfundi svæðisráða og aðalfundi deilda. Fjallað var um greiðslur úr Félagsmannasjóði. Rætt var um starfsmannamál. Rætt var um stöðuna varðandi málefni ræstingafólks á landinu og þá vinnu sem er í gangi hjá félaginu vegna málsins. Samþykkt var ályktun vegna málsins. Ólöf Margrét Ingimundardóttir sat sinn fyrsta stjórnarfund eftir að hún var kjörin svæðisfulltrúi Fjallabyggðar í janúar. Ólöf skrifaði rafrænt undir trúnaðarskjal stjórnarmanna, en hún var áður búin að fá sendar til sín siðareglur félagsins.

Á fundi 31. mars sem fram fór bæði á Akureyri og rafrænt í gegnum Teams var enn á ný farið yfir stöðuna varðandi reikninga félagsins og rekstraráætlun fyrir árið 2025. Stjórnin samþykkti áætlunina samhljóða. Farið var yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Farið var yfir dagskrá og gögn sem stjórnin mun leggja fram á næsta aðalfundi félagsins. Sagt var frá því að komið væri boð á rafrænan fulltrúaráðsfund Stapa lífeyrissjóðs í apríl. Rætt var um starfsmannamál og breytingar á opnunartíma á skrifstofum félagsins. Tryggvi sagði frá ferð sem hann fór í til Danmerkur ásamt fulltrúum frá SGS og Eflingu til fundar með stéttarfélögum og tengdum aðilum um ræstingar og uppmælingar í ræstingum. Sagt var frá því að 10. þing SGS verði haldið á Akureyri í október 2025. Sagt var frá því að aðalfundur Orlofsbyggðarinnar Illugastaðir

verður haldinn á Illugastöðum í apríl. Skrifað var undir umboð vegna næsta aðalfundar Sparisjóðs Höfðhverfinga. Farið var yfir stöðuna á umsóknum fyrir orlofskosti sumarsins. Lögð voru fram gögn af aðalfundi Fjölsmiðjunnar til upplýsingar.

Á lokafund stjórnar þetta starfsárið, sem fram fór þann 14. apríl í sal félagsins á Akureyri og rafrænt í gegnum Teams, mætti Hermann Brynjarsson frá endurskoðunarfyrirtækinu ENOR og kynnti reikninga félagsins fyrir síðasta ár. Stjórnin samþykkti reikningana samhljóða og skrifaði undir þá. Kynnt var niðurstaða nefndar um endurskoðun á reglugerð sjúkrasjóðs fyrir aðalfund félagsins. Þá var að lokum sagt frá því að ársfundur Stapa lífeyrissjóðs verði 13. maí nk. á Egilsstöðum.